

Hvað er á seyði um helgina

Hvað er á seyði um helgina

Málverkasýning helgarinnar:

Rómantískar fugla- og landslagsmyndir eftir Hornfirðinginn Höskuld Björnsson



Laugardaginn 17. apríl nk. kl. 14.00 verður opnuð sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Höskulds Björnssonar, þeirra er enn eru í eigu fjölskyldu hans. Í ár verða 75 ár liðin frá fæðingu Höskulds Björnssonar og af því tilefni er efnt til þessarar sýningar. Höskuldur Björnsson var fæddur 26. júlí 1907 að Dilksnesi í Hornafirði og lézt 2. nóvember 1963. Höskuldur lærði teikningu hjá Ríkharði Jónssyni myndhöggvara veturinn 1925-26. Hann naut einnig tilsagnar Jóns Stefánssonar listmálara 1928-31. Lengst af dvaldist Höskuldur í Austur-Skaftafellssýslu þangað til

hann fluttist búferlum til Hveragerðis, þar sem ekkja hans, Hallfríður Pásdóttir, býr enn. Eftir lát eiginmanns síns, breytti hún vinnustofu hans í notalega kaffistofu, Bláskóga, þar sem gestir geta virt fyrir sér handbragð listamannsins. Þar getur að líta það sem helzt einkenndi Höskuld Björnsson. Rómantískar fugla- og landslagsmyndir auk mynda af gömlum byggingum, svo nokkuð sé nefnt. Auk verkanna á vinnustofunni verður fjöldi annarra, sem ekki hafa verið sýnd áður. Alls verða um 150 myndir á sýningunni. Hún verður opin til 9. maí, alla daga frá kl. 14-22.

Verkfræðingafélag Íslands

Út er komið Verkfræðingatal 1981. Í því eru 962 æviskrár íslenskra verkfræðinga og annarra félagsmanna Verkfræðingafélags Íslands, auk ritgerðar um menntun íslenskra verkfræðinga eftir Sveinbjörn Björnsson og skráa yfir mannanöfn, fyrirtæki og stofnanir. Einnig fylgir upplýsingar um Verkfræðingafélag Íslands. Þar er getið þess helsta sem félagið varðar. Verkfræðingafélag Íslands verður 70 ára 19. apríl 1982. Afmælishátíðin verður haldin í Súlnasal Hótel Sögu 21. maí 1982 og á eftir verður haldinn á Húsavík fundur norrænu Verkfræðingafélaganna um sameiginleg áhugamál verkfræðinga á Norðurlöndum.

Laugarneskirkja

Opíð hús fyrir aldraða á morgun, föstudag, klukkan 14.30. Torfi Ólafsson sýnir lífskyggnur um líf og starf móður Theresu. Kafriveitingar.


Frá Norræna félaginu

Sviðjódarkynning. Senn líður að lokum ferðar Unnar Guðjónsdóttur og Þórs Bengtssonar um landið til kynningar á Sviðjóði. Síðustu samkomurnar verða sem hér segir: Á Selfossi mánudagskvöld 19. apríl. Á Hvolsvelli þriðjudagskvöld 20. apríl og í Hveragerði miðvikudagskvöld 21. apríl. Eru kynningararnar á vegum Norrænu félaganna á viðkomandi stöðum. Einnig munu þau koma fram í skólum á þessum stöðum.

Til viðskiptavina Hafskips hf.

Við vekjum hér með athygli yðar á nýrri áætlunarhöfn Hafskips hf. Hafskip hf. hefur hafið reglulegar áætlunarsýningar til Alaborgar, Danmörku og verður við þar á tveggja vikna fresti, með línuskip okkar sem sigla á Skandinavíu. Með þessari nýju áætlunarhöfn, vonumst við til

að ná betri hagkvæmni fyrir viðskiptamenn Hafskips hf. í flutningi vöru frá Danmörku. Umboðsmaður Hafskips hf. í Alaborg er: E.A. Bendix og Co., Slotsgade 35, 9100 Aalborg. Sími: 08-138300. Telex: 69643. Varðandi frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við Markaðsdeild Hafskips hf.



Fram-ekíðamót

Innanfélagsmót verður haldið nk. laugardag 17. apríl. Keppi verður í öllum flokkum. Skráning fer fram við skíðskólann í Eldborgargili í Bláfjöllum sama dag til kl. 12.30. Keppi hefst kl. 13.00. Rásnúmer keppenda glíðir sem happdrættismíði. Veglegur vinningur frá verzl. Sportval. NÆGUR SNIÖR.

Fundir

Fundaskrá AA-samtakanna á Íslandi

- Föstudagur REYKJAVÍK Tjarnargata 5 (91-12010). Græna húsið kl. 14.00 Tjarnargata 5. Græna húsið Enska. kl. 19.00 Graham, sími 20129 Tjarnargata 5 (91-12010). Græna húsið, opinn fjölskyldufundur kl. 21.00 Tjarnargata 5 (91-12010). Iokaður uppi kl. 21.00 Tjarnargata 3 Rauða húsið, Hádegisfundur kl. 12.00 Tjarnargata 3 (91-16373). Rauða húsið kl. 21.00 Hallgrímskirkja, Byrjendafundur kl. 18.00 Ingólfsstræti 1a 3h kl. 21.00 Neskirkja, 2. deild kl. 18.00 Neskirkja kl. 21.00 LANDÍD Akureyri, Sporafundur kl. 21.00 Akureyri, (96-22373) Geislagata 39 kl. 12.00 Hellissandur, Hellisbraut 18 kl. 21.00 Húsavík, Höfðabrekka 11 kl. 20.30 Neskaupsstaður, Egilsbúð kl. 20.00 Selfoss, (99-1787). Sigt. 1, Sporafundur kl. 20.00

Laugardagur

- REYKJAVÍK Tjarnargata 5 (91-12010). Græna húsið kl. 14.00 Tjarnargata 5. (91-12010). Græna húsið kvennadeild uppi kl. 14.00. Tjarnargata 3 (91-16373). Rauða húsið kl. 21.00 Tjarnargata 3 (91-16373). Rauða húsið kl. 23.30 Langholtskirkja kl. 13.00 Ólduselskóli Breiðholti kl. 16.00 LANDÍD Akureyri, (96-22373). Geislagata 39 kl. 16.00 Höfn Hornafirði, Miðtún 21 kl. 17.00 Staðarfell Dalasýslu, (93-4290). Staðarfell kl. 19.00 * Tálknafljóður, Þinghóll kl. 13.00 Vestmannaeyjar, (98-1140). Heimagata 24, opinn kl. 17.00 Keflavík (92-1800). Klapparstíg 7 kl. 14.00

* og þegar togari er inni.

Ferðalög

Slysavarnafélag Íslands í Rvk

ráðgerir ferð um Snæfellsnes og Borgarfjörð dagana 26. og 27. júní nk. Upplýsingar í síma 84548. Ferðanefnd.

Frá Ferðafélagi Íslands


Dagsferðir sunnudaginn 18. apríl: 1. kl. 09 - Skarðshelín. Ath.: Torfi Hjaltason og Hreinn Magnússon félagar í Íslenska Alpaklúbbnum leiðbeina þátttakendum í meðferð brodda og isaxa. Verð kr. 150.-. 2. kl. 13 - Reynivallaháls í Kjós. Lítt ganga fyrir alla fjölskylduna. Fararstjóri: Baldur Sveinsson. Verð kr. 100.-. Ferð frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna. Farniðar við bil.

Tónlist



Tónleikar í Laugarneskirkju

Sunnudaginn 18. apríl verða tónleikar í Laugarneskirkju kl. 17.00. Á efnisskránni verða eingöngu verk eftir Gunnar Reyni Sveinsson, bæði orgelverk og verk fyrir baritonródd og orgel. Á tónleikunum verður m.a. frumflutt kantata fyrir orgel og einöng, en hófundur tileinkar hana minningu kennara síns Dr. Viktors Urbancic. Flytjendur verða Halldór Vilhelmsson og Gústaf Jóhannesson.



Sónata á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 17. apríl kl. 5 heldur brezki pianóleikarinn John Lewis tónleika á Kjarvalsstöðum. Á efnisskránni er sónata nr. 2, „Concordosónatan“ eftir Charles Ives, og er þetta í fyrsta skipti sem þessi sónata er flutt hér á landi. Sónatan er samín á árunum 1908-1915 og draga kaflaheitið nöfn af þeim rithöfundum og heimspekingum sem bjuggu í Concord, Massachusetts um miðja síðustu öld, Emmerson, Hawthorne, Alcotts og Thoreau. Á tónleikunum mun herra Lewis einnig spjalla um sönótuna. John Lewis stundaði nám í heimalandi sínu og hefur leikið talsvert af nútímatónlist í Lundúnum, en hefur einbeitt sér eftir síðustu ár að tónlist Charles Ives. Í nóvember síðastliðnum lék hann ýmis af smærri verkum Charles Ives á tónleikum í Norræna húsinu. John Lewis hefur í vetur verið kennari við Tónlistarskólann í Stykkishólmi.

„Að sunnan og að norðan“

Sextíu og þriggja manna hljómsveit heldur tónleika á Akureyri og í Reykjavík núna um helgina. Þetta er strengjasveit auk fimm blásara og eru hljóðfæraleikararnir allir nemendur úr fjórum tónlistarskólum, Tónlistarskólunum í Reykjavík, Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Tónmenntaskólunum og Tónlistarskólunum á Akureyri. Hljómsveitarstjóri er Mark Reedman og einleikari á flölu verður Guðný Guðmundsdóttir, konsertmeisteri Símfóníuhljómsveitar Íslands. Æft hefur verið sitt í hvoru lagi, bæði fyrir norðan og hér fyrir sunnan. Næsta föstudag fjúga Reykvik-ingar norður og er ætíunin að efa saman fyrir tónleika sem haldnir verða á vegum Tónlistarfélagins á Akureyri, laugardaginn 17. apríl kl. 17 í Þróttaskemmunni. Eru þetta fjórðu áskriftartónleikar félagsins á þessu starfsári. Sunnudaginn 18. apríl mun þessi óvenjustóra hljómsveit halda tónleika í Reykjavík í sal Menntaskólans við Hamrahlíð, kl. 17. Sala aðgöngumíða fer fram í bókabúðinni Huld á Akureyri og við innganginn á báðum stöðum.

Samkomur

Samkoma í Norræna húsinu

Norræna félagið í Reykjavík efnir til samkomu í Norræna húsinu laugardaginn 17. apríl '82 kl. 20.30. Þar munu Unnur Guðjónsdóttir og Þór Bengtson kynna Sviðjóði og sænska menningu með frásögnum, tónlist og myndum.

Þau eru búsett í Stokkhólmi og hafa kynnt Ísland víðsvegar um Sviðjóði á hliðstæðum samkomum. Nú eru þau hér á landi í boði Norræna hússins og Norræna félagsins og hafa kynnt Sviðjóði víða um land. Samkoman í Norræna húsinu á laugardag 17. apríl verður síðasta samkoman í Reykjavík, sem þau koma fram á. Öllum er heimill ókvepis aðgangur.

Tilkynningar

Frá félagi einstæðra foreldra

Hvað gerist við skilnað? F.E.F. heldur almennan fund um barnalög að Hótel Heklu þriðjudaginn 20. apríl kl. 20.30. Ólof Pétursdóttir, fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu kynnir barnalögin. Sálfræðingarnir Guðfinna Eydal og Alfhéður Steindórsdóttir tala um foreldraráðgjöf. Ásdís Rafnar lögfræðingur F.E.F. svarar fyrirspurnum. Fundurinn er öllum opin og áhugafólki um málefni barna og foreldra sérstaklega bent að mæta. Stjórnin.

Félag sálfræðinema við Háskóla Íslands

efnir til málþings, laugardaginn 24. apríl kl. 13.30 í Félagsstofnun stúdenta.

Umræðuefni þingsins verður: Hvernig verður mannshugurinn rannsakaður? Fyrirlasarar verða: Anna Valdemarsdóttir sálfræðingur, Jørgen Pind sálfræðingur, Páll Skúlason prófessor í heimspeki. Að loknum fyrirlesturum verða fyrirspurnir og frjálssar umræður. Áhugafolk er eindregið hvatt til að mæta.

Frá lönnfræðingafélagi Íslands

Nýlega var haldinn á Hótel Loftleiðum aðalfundur lönnfræðingafélags Íslands og var hann vel sóttur. Þar kom fram að mikil gróska var í starfsemi félagsins á síðasta starfsári. Þau mál sem hæst báru voru lögverndunarmálið svonefnda og stofnun kjaradeildar.

Síðan félagið var stofnað fyrir 2 árum hefur verið unnið að því að fá starfshéitið lönnfræðingur, lögverndað. Frumvarp til laga um þetta efni liggur nú fyrir alþingi og verður væntanlega afgreitt sem lög fyrir þinglok.

Kjaradeild félagsins var stofnuð í júní sl. og er starfsvið hennar að vinna að kjaramálum lönnfræðinga.

Fjárhagsafkoma félagsins var sémileg og leigir félagið nú skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 29. Stjórn félagsins skipa nú Sigurður Örn Gíslason formaður, Magnús Björnsson, Benedikt Egilsson, Garðar Sigurðsson og Gunnar Hólm Hjálmarsson.



Tónleikar helgarinnar — Lækjartorgi:

Ego kynnir efni nýju plötunnar

Hljómsveitin EGO hefur vakið á sér mikla athygli undanfarið, ekki sízt eftir útkomu hljómplötu þeirra félaga fyrir skömmu. Platan nefnist Breyttir tímar og munu þeir félagar með Bubba Morthens í fararbroddi kynna aðdáendum sínum efni hennar á hljótleikum, sem þeir efna til á Lækjartorgi á morgun kl. 14.00.

